

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 12. mars, var haldinn 132. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.05. Teitur Atlason varaformaður setti fundinn í fjarveru Sverris formanns. Viðstödd voru: Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Margrét Marteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Reynir Guðmundsson og Rakel Dögg. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina. Gestir fundarins voru Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Marion Herrera.

Þetta gerðist

1. Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR: Ómar fór yfir hvað hefur verið gert í Vesturbæ tengt íþróttamannvirkjum sl. ár og hvað er á döfunni næstu árin. Einnig var rætt um samstarf við fimleikadeild á Seltjarnarnesi.
- Kl. 12.17: Sverrir Bollason tekur sæti á fundinum.
- Kl. 12.21: Ómar yfirgefur fundinn.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins:

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarráð og umhverfis og -skipulagsráð að sjá til þess að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþrótt- og útivistarsvæði og að hún verði öll nýtt í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

2. Menningarhús í Vesturbæ: Marion Herrera kynnir hugmynd um að opna menningarhús í Vesturbæ.
3. Niðurstöður kosninga í Betri hverfi: Rætt um niðurstöður kosninga og var almenn ánægja með verkefnið sem er í þróun. Hverfisráðið myndi vilja koma að mótun þess liðar sem fjallar um ný tæki á leikvelli hverfisins og beinir því til vinnuteymis að skoða líka hvort tillaga um klifurvegg geti komið þar undir.
4. Fundargerðir og boðun funda: Hörður gerði grein fyrir því sem hann varð vísari á námskeiði um ritun fundargerða.
5. Málefni Þorrasels: Rætt var málefni Þorrasels sem er dagdeild að Þorragötu 3
- kl. 12.58: Marta Guðjónsdóttir yfirgefur fundinn.

Tillaga Sjálfstæðisflokksins:

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarstjóra og borgarstjórn að tryggja að Þorrasel, dagdeild fyrir aldraða, verði áfram rekið í núverandi mynd að Þorragötu 3.

Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 13.01

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)
Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)